

Þróun og sérsvið íslenskrar félagsfræði

Þóroddur Bjarnason
Háskólanum á Akureyri
Helgi Gunnlaugsson
Háskóla Íslands

Umgjörð íslenskrar félagsfræði

Árið 2004 kom út safnritið *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson, 2004a). Formála bókarinnar ritaði Jóhannes Nordal (2004) fyrrverandi seðlabankastjóri sem fyrstur Íslendinga lauk doktorsprófi frá London School of Economics árið 1953. Í fyrri hluta bókarinnar er að finna safn áður útgefinna ritgerða á innlendum og erlendum vettvangi sem mynda ákveðinn grunn að sögu íslenskrar félagsfræði. Þar má finna umfjöllun Jóhanns Haukssonar ([2000] 2004) um framlag frumkvöðulsins Guðmundar Finnbogasonar til kenninga félagsfræðinnar á heimsvísu og hins félagsfræðilega sjónarhorns á Íslandi á fyrstu áratugum 20. aldar. Jafnframt er þar að finna samtímalýsingu Þórólfs Þórlindssonar ([1982] 2004) á fyrstu árum félagsfræðinnar við Háskóla Íslands og stytta útgáfu umfjöllunar Ingu Dóru Sigfúsdóttur ([1997] 2004) um sögu háskólakennslu í félagsfræði frá því fyrstu hugmyndir um stofnun námsbrautar í þjóðfélagsfræði komu fram árið 1965 til stofnunar félagsvísindadeildar árið 1976. Þá rekja Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason ([1994] 2004) þróun menntunar félagsfræðinga, breytingar á stofnanaumgjörð og helstu rannsóknasvið íslenskrar félagsfræði fram til 1994 og Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir ([2002] 2004) meta afköst íslenskra félagsfræðinga í norrænum samanburði og áhrif viðfangsefna, einstaklinga og deilda á tilvitnanir til birtra verka á alþjóðlegum vettvangi. Loks kortleggur Kolbrún Ósk Hrafnadóttir (2004) menntun, störf og viðhorf nemenda sem luku BA prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands á síðasta aldarfjórðungi tuttugustu aldar.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á stöðu félagsfræðinnar hér á landi á þeim árum sem liðin eru frá útgáfu bókarinnar um íslenska félagsfræði. Sérstaklega má þar nefna umbyltingu framhaldsnáms í félagsfræði á Íslandi. Fyrsti meistaraneminn í félagsfræði útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 2002 og fyrsti doktorsneminn árið 2012. Í árslok 2017 höfðu alls um eitt hundrað nemendur lokið meistaranámi og sjö doktorsnámi í félagsfræði frá Háskóla Íslands. Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri var stofnuð árið 2002 og er félagsfræðin þar ein helsta undirstaða náms í almennum félagsvísindum. Fyrsti nemandinn lauk rannsóknatengdu meistaranámi vorið 2016 og á annan tug nemenda stundar nú slíkt nám við Háskólann á Akureyri. Haustið 2017 veitti mennta- og menningarmálaráðuneytið Háskólanum á Akureyri jafnframt viðurkenningu á námi í félagsfræði á doktorsstigi og mun félagsfræði verða ein helsta stoð þverfaglegs doktorsnáms í byggðafræði við háskólann.

Full ástæða er til að fagna þessari uppbyggingu framhaldsnáms í félagsfræði, en jafnframt er mikilvægt að forðast að félagsfræðin einangrist og úrkynjist í fámennu háskólasamfélagi (Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson, 2004b). Uppbygging framhaldsnáms í félagsfræði við tvo háskóla kann þannig að draga úr hættunni á því að þorri íslenskra

háskólakennara í félagsfræði hafi stundað allt sitt nám innan einnar háskóladeildar. Félagsfræðin er þó í eðli sínu alþjóðleg og hún getur aðeins vaxið og dafnað í nánnum tengslum við félagsfræði annarra landa. Það er því mikilvægt að íslenskir félagsfræðingar séu í nánnum tengslum við stefnur og strauma alþjóðlegrar félagsfræði, meðal annars í gegnum nám við erlenda háskóla.

Árið 2015 fagnaði *Félagsfræðingafélag Íslands* tuttugu ára afmæli félagsins í Þjóðmanningarhúsinu. Félagið hefur allt frá stofnun haldið úti fjölbreyttri starfsemi á höfuðborgarsvæðinu og meðal annars árlega haldið málþing í Reykjavík um ýmis málefni sem tengjast félagsfræðinni. Jafnframt hefur félagsfræðingafélagið þrívægis skipulagt ráðstefnu *Norræna félagsfræðingafélagsins* í Reykjavík og fulltrúar félagsins ritstýra með reglulegu millibili norræna félagsfræðitímaritinu *Acta Sociologica*. Árið 2007 efndu *Samtök félagsvísindafólks á Norðurlandi* til ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði á Akureyri árið 2007 og hefur sú ráðstefna verið haldin árlega á Akureyri, Bifröst, Hólum, Höfn í Hornafirði og Ísafirði með þátttöku félagsfræðinga af höfuðborgarsvæðinu jafnt sem öðrum landshlutum.

Undir lok 20. aldar voru stofnsett nokkur ritrýnd félagsvísindatímarit sem birtu margvíslegt efni eftir félagsfræðinga og annað efni með félagsfræðilega skírskotun. Má þar sérstaklega nefna *Íslensk félagsrit* sem kom út með hléum 1989–1997 og *Uppeldi og menntun* sem stofnsett var árið 1992. Fram til ársins 2004 voru ritrýnd greinaskrif íslenskra félagsfræðinga þó almennt bundin við erlend fræðitímarit (Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson, 2004b). Eðli málsins samkvæmt leggja slíkar greinar meiri áherslu á samanburð og almenna skírskotun en þá séríslensku þætti sem eru sérstaklega áhugaverðir fyrir Íslendinga. Þótt þátttaka í alþjóðlegri fræðilegri umræðu sé vitaskuld afar mikilvæg er það íslenskri félagsfræði nauðsynlegt að sérfræðingar á ýmsum sviðum íslensks samfélags eigi sér vettvang þar sem gera má ráð fyrir að lesendur búi yfir umtalsverðri þekkingu á því samfélagi.

Um það leyti sem bókin um íslenska félagsfræði kom út var talsverð gróska í útgáfu tímarita með félagsfræðilega skírskotun. Þar má nefna stofnun veftímaritsins *Netlu* árið 2002, *Tímarits um viðskipti og efnahagsmál* árið 2003, *Tímarits um menntarannsóknir* árið 2004 og *Tímarits um stjórnsmál og stjórnvísun* árið 2005. Mikil breyting varð þó á útgáfu ritrýnds efnis á sviði félagsfræði með stofnun *Íslenska þjóðfélagsins – tímarits Félagsfræðingafélags Íslands* árið 2010. Tímaritinu er ætlað að efla rannsóknir og fræðilega umræðu um íslenskt þjóðfélag sem tiltekið fræðilegt viðfangsefni (Íslenska þjóðfélagið, 2017). Sérstaklega er hvatt til framlags frá öllum greinum félagsvísinda sem hafa íslenskan félagsveruleika að viðfangsefni, til dæmis félagsfræði, mannfræði, þjóðfræði, stjórnsmálafræði, kynjafræði, mennta- og uppeldisvísindum og fjölmiðlafræði.

Í árslok 2017 höfðu alls 39 ritrýndar greinar birst í fyrstu átta árgöngum *Íslenska þjóðfélagsins* og vekur breidd höfundahópsins nokkra eftirtekt. Alls eru 54 einstaklingar fyrstu höfundar eða meðhöfundar þessara 39 greina. Flestir hafa aðeins birt eina grein í tímaritinu en 11 einstaklingar hafa birt tvær eða þrjár greinar. Rúmur helmingur eða 29 af 54 eru félagsfræðingar en 25 dreifast nokkuð jafnt á fræðigreinar á borð við stjórnsmálafræði, mannfræði, menntunarfræði, kynjafræði, viðskiptafræði, hagfræði, sálfræði, hjúkrunarfræði, sagnfræði og landfræði. Alls byggði 21 þessara greina á meginlegri aðferðafræði, fjórtán á eigindlegri en fjórar byggðu einkum á gagnrýnni umfjöllun um rannsóknir eða kenningar. Hlutfall kynjanna er einnig nokkuð jafnt en 28 karlar og 26 konur voru höfundar efnis sem birtist í fyrstu átta árgöngum tímaritsins. Tímaritið virðist því í senn vera sérstakur vettvangur félagsfræðinga og almennur vettvangur annars félagsvísindafólks, jafnframt því sem konur og karlar eru álíka mörg í hópi höfunda.

Á hinn bóginn starfar yfirgnæfandi meirihluti höfunda við tvær stofnanir. Þannig eru 23 höfundar skráðir við Háskóla Íslands en 17 við Háskólann á Akureyri. Hinir 14 höfundarnir

eru ýmist skráðir við aðrar íslenskar menntastofnanir, erlenda háskóla eða án stofnunar. Það vekur sérstaka athygli að enginn höfundur er skráður við hina fimm íslensku háskólana; Háskólann á Bifröst, Háskólann á Hólum, Háskólann í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands eða Listaháskóla Íslands. Ekki er ljóst hvað veldur því að félagsfræðingar og aðrir fræðimenn sem stunda félagsfræðilegar rannsóknir við þessa háskóla velja ekki að birta verk sín í tímaritinu. Vera kann að þarna skipti máli að allir ritstjórar *Íslenska þjóðfélagsins* hafa fram til þessa starfað annað hvort við Háskólann á Akureyri eða Háskóla Íslands.

Efni sérheftisins

Í síðari hluta bókarinnar um íslenska félagsfræði (Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson, 2004a) var veitt yfirlit um nokkur helstu rannsóknarsvið íslenskrar félagsfræði. Stefán Hrafn Jónsson (2004) fjallaði um lýðfræði Íslands, Ingi Rúnar Eðvarðsson (2004) um uppruna og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2004) um íslenskan sjávarútveg frá félagsfræðilegum sjónarhóli, Þorgerður Einarsdóttir (2004) um femínisma sem fræðikenningu andófs og breytinga, Guðný Björk Eydal (2004) um framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsókna, Guðbjörg Hildur Kolbeins (2004) um íslenskar fjölmiðla-rannsóknir á fertugsaldri, Jón Gunnar Bernburg (2004) um afbrot og önnur frávík og Sigrún Ólafsdóttir (2004) um félagsfræði heilsu og veikinda.

Sérheftinu sem hér er fylgt úr hlaði er ætlað að vera hluti þess verkefnis að kortleggja stöðu og þróun félagsfræðinnar. Hér er að finna yfirlitsgreinar um sex af þeim átta sviðum sem fjallað var um í bókinni um íslenska félagsfræði árið 2004, en á næsta ári er stefnt að því að gefa út annað sérhefti með yfirlitsgreinum um þau tvö svið sem eftir standa úr bókinni og sambærilegum yfirlitsgreinum um önnur svið sem hafa verið í örum vexti á síðustu árum.

Greinarnar í þessu sérhefti eru hver með sínu móti sjálfstætt framhald þeirra greina sem birtust í bókinni um íslenska félagsfræði árið 2004. Á sumum þessara sviða hefur verið mikil rannsóknavirkni síðustu 13 árin og fjalla þessar greinar að stórum hluta um þessar nýju rannsóknir og samfellu og breytingar á tímabilinu. Á öðrum sviðum hefur rannsóknavirknin verið minni og flétta höfundar yfirlitsgreinanna nýrri og eldri verkum saman í samfellda umfjöllun um stöðu og þróun viðkomandi sviða. Jafnframt er mjög misjafnt hversu áberandi þessi svið eru í fyrstu átta árgöngum *Íslenska þjóðfélagsins*.

Í ritgerð sinni *Af akri lýðfræði Íslands* lýsir Stefán Hrafn Jónsson (2017) sérkennum og aðferðafræði lýðfræðinnar og tengslum hennar við félagsfræðina í alþjóðlegu vísindastarfi. Löng hefð sé fyrir söfnun lýðfræðilegra upplýsinga, sagnfræðilegum rannsóknum á breytingum á fjölskylduháttum og félagsgerð út frá mannfjöldabreytingum og rannsóknum á búferlaflutningum landsmanna. Frá 2004 hafi aðgengi fræðasamfélagsins að gögnum Hagstofu Íslands orðið formfastara og skýrara og aðgangur að stórum gagnagrunnum á borð við heilsufarsrannsókn Embættis landlæknis batnað. Fjölbreyttar rannsóknir hafi verið gerðar á búferlaflutningum milli landa, stöðu fólks af erlendum uppruna og orsökum búferlaflutninga innanlands og meistaránemar hafi komið fram með lýðfræðilegar áherslur.

Sex af þeim 39 ritrýndu greinum sem birst hafa í *Íslenska þjóðfélaginu* hafa augljósa lýðfræðilega skírskotun. Þar af er ein um eðli þéttbýlisvæðingar á Akureyri á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar (Hermann Óskarsson, 2011), tvær um búferlaflutninga innanlands (Vífill Karlsson, 2013; Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson, 2014) og ein grein um tengsl brottfluttra íbúa við fyrri heimkynni sín (Edward Huijbens, 2015). Loks fjalla tvær greinar um viðtökur fólks af erlendum uppruna hér á landi (Guðrún Pétursdóttir, 2013; Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016).

Í greininni *Íslensk atvinnulífsfélagsfræði 2004–2016* fjallar Ingi Rúnar Eðvarðsson (2017) um þróun sviðsins frá því kafla hans um *Uppruna og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði* kom út (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2004). Ingi Rúnar telur verkefnaval og rannsóknar aðferðir íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði hafa mótast af íslensku atvinnulífi og því tímaskiði þegar íslenskir félagsfræðingar hófu að nema slík fræði. Margvíslegar rannsóknir hafi verið gerðar á sviðum á borð við almenna þróun atvinnulífs og vinnumarkaðar, færni og starfsmenntun og tækniþróun og líðan starfsfólks. Jafnframt hafi ýmis ný viðfangsefni litið dagsins ljós og má þar nefna álversframkvæmdir og atvinnuþátttöku kvenna, starfsval kynjanna, verkföll á íslenskum vinnumarkaði, skipulag fyrirtækja, ákvarðanatöku innan skipulagsheilda, útivistun verkefna og jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs. Önnur viðfangsefni á borð við vinnuviðhorf, atvinnulýðræði og hagsmunasamtök á vinnumarkaði hafi hins vegar nánast horfið af sjónarsviðinu.

Í fyrstu átta árgöngum *Íslenska þjóðfélagsins* birtust níu greinar sem tengjast atvinnulífsfélagsfræði með beinum hætti. Þar af fjalla þrjár greinar um stéttir á Íslandi (Guðmundur Æ. Oddsson, 2010, 2011; Hermann Óskarsson, 2011), ein um opinbera atvinnustefnu (Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir, 2016), ein um kynjakvóta (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Þorvaldsdóttir, 2012), tvær um starfsval og ofmenntun (Fjóla Þ. Jónsdóttir og Ingi R. Eðvarðsson, 2013; Jason M. Bergsteinsson, Ingi R. Eðvarðsson og Guðmundur K. Óskarsson, 2017) og tvær um viðhorf og líðan (Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson, 2015; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ásta Snorradóttir og Hjördís Sigursteinsdóttir, 2014).

Í greininni *Íslenskur sjávarútvegur: Félagssfræðilegur sjónarhóll* fjallar Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2017) um íslenskar rannsóknir á þessu sviði. Þar fjallar hún um hefðbundinn karlaheim fiskveiða og kvennaheim fiskveiða og þær breytingar sem orðið hafa í íslenskum sjávarbyggðum. Áhrif kvótakerfisins og stórstígra tækni framfara ber þar hæst ásamt aðflutningi erlends verkafólks. Athygli vekur hversu sterk áhrif lög um stjórn fiskveiða árið 1990 höfðu á rannsóknir á þessu sviði en á níu ára tímabili 1992–2000 birtust 18 af þeim 28 rannsóknum sem ræddar eru. Mjög virðist hafa dregið úr rannsóknavirkni á þessu sviði á síðari árum á sama tíma og rannsóknir með víðari áherslu á svæðisbundna byggðapróun hafa aukist. Engin grein birtist um sjávarútveg eða stöðu sjávarbyggða í *Íslenska þjóðfélaginu* á tímabilinu 2010–2017.

Í greininni *Velferðarríkið og hin íslenska leið* rekja Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnisdóttir (2017) framlag íslenskrar félagsfræði til rannsókna á velferð og lífskjörum á Íslandi og ýmsum þáttum velferðarkerfisins, svo sem almannatryggingum, félagsþjónustu, húsnæðismálum, fjölskyldustefnu og þjónustu við aldraða og fatlað fólk. Rannsóknum á þessu sviði hafi vaxið fiskur um hrygg og Íslendingar hafi í auknum mæli tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknum sem skapi nýja möguleika á alþjóðlegum samanburði á kjörum og félagslegri stöðu landsmanna. Þótt ýmsar greinar í *Íslenska þjóðfélaginu* tengist velferð með einum eða öðrum hætti kemur velferðarkerfið sem slíkt aðeins við sögu með beinum hætti í tveimur greinum um fæðingarorlof (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (2014) og hið félagslega húsnæðiskerfi (Jón Rúnar Sveinsson, 2010).

Í grein sinni *Íslenskar fjölmiðlarannsóknir: Fræði á flæðiskeri?* rekur Guðbjörg Hildur Kolbeins (2017) þróun fjölmiðlafræðinnar hér á landi í alþjóðlegu ljósi og þær miklu breytingar sem orðið hafa á þessu rannsóknasviði. Árið 2004 taldi hún íslenskar rannsóknir á þessu sviði fyrst og fremst hafa beinst að fjölmiðlanotkun ungmenna með sérstakri áherslu á sjónvarpsáhorf (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2004). Því væri mikilvægt að beina sjónum að fleiri þáttum á borð við eignarhald og pólitískt vald og áhrifum netsins á nýja og gamla miðla. Frá þeim tíma hefur tölvutæknin umbylt fjölmiðlum og boðskiptum almennt og mikilvægi

línulegra sjónvarpsútsendinga minnkað að sama skapi. Það er þannig tímanna tákn að Guðbjörg Hildur nefnir til sögunnar tólf íslenskar rannsóknir á ýmsum hliðum netnotkunar barna og unglunga sem birst hafa eftir 2004 en aðeins eina rannsókn um börn og sjónvarp. Á sama tíma hafi margvísleg önnur viðfangsefni notið vaxandi áhuga, svo sem staða kvenna í fjölmiðlum, hlutverk samfélagsmiðla og fjölmiðla í stjórnmálum, innra og ytra umhverfi fjölmiðla og störf blaða- og fréttamanna. Engar greinar í *Íslenska þjóðfélaginu* hafa beinlínis fjallað um fjölmiðla í samfélaginu. Hins vegar hafa birst tvær greinar sem byggja á innihaldsgreiningum á prentmiðlum (Guðmundur Æ. Oddsson, 2011; Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011) og ein félagsfræðileg greining á kvikmynd (Þórólfur Þórlindsson, 2012).

Loks veita Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg (2017) yfirlit um íslenskar rannsóknir á afbrotum og öðrum frávikum. Í fyrri bókarkafla fjallaði Jón Gunnar Bernburg (2004) meðal annars um rannsóknir íslenskra félagsfræðinga á táknrænni löggjöf, viðhorfum almennings til afbrota og refsinga, afdrifum brotamanna í réttarkerfinu, ofbeldishegðun, vímuefnaneyslu og vændi á Íslandi. Frá þeim tíma hafa allmargar rannsóknir beinst að því hvernig fráviks- og afbrotahegðun ungmenna mótast af ýmsum þáttum nærsamfélagsins, svo sem almennri félags- og efnahagsstöðu skólahverfa, efnahagslegum ójöfnuði og menningarkimur. Þá hafa viðhorf til ólíkra brotaflokka og refsinga og ótti almennings við afbrot verið skoðuð með tilliti til bakgrunns svarenda og brotamanna. Loks séu rannsóknir á heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi gegn konum og börnum vaxandi svið hér á landi. Aðeins ein grein um afbrot hefur þó birst í *Íslenska þjóðfélaginu* (Jónas O. Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2012), auk þess sem grein Þórólfs Þórlindssonar (2012) um kúrekamyndina *The Wild Bunch* fjallar um um siðrof og útlaga.

Önnur efnissvið íslenskrar félagsfræði

Á undanförunum árum og áratugum hafa félagsfræðingar lagt drjúgan skerf til íslenskrar kynjafræði. Í ritgerð sinni um femínisma sem fræðikenningu andófs og breytinga lýsti Þorgerður Einarsdóttir (2004) því hvernig baráttuhreyfing kvenna og fræðimennska hafi kallast á og hvernig hið persónulega sé innblástur að pólitískri baráttu og fræðastarfi. Í kvenréttindabaráttu 19. aldar hafi höfuðáhersla verið lögð á lagaleg og borgaraleg réttindi kvenna, svo sem kosningarétt, kjörgengi og rétt til atvinnu og menntunar. Síðan hafi kynjafræði leyst kvennafræði af hólmi og fjölfræðilegur femínismi tekið við af kvenréttindabaráttu. Þorgerður telur fræðilegan femínisma og femíníska baráttuhreyfingu styðja hvort annað og standa styrkum stöðum í íslensku samfélagi.

Staða kynjanna er eitt helsta rannsóknarefni íslenskrar félagsfræði og nærri þriðjungur allra greina sem birst hafa í *Íslenska þjóðfélaginu* hafa augljósa skírskotun til kynjafræði. Þorgerður Einarsdóttir (2010) hefur þannig fjallað um kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnréttar og Gyða Margrét Pétursdóttir (2012) um styðjandi og mengandi kvenleika innan áru kynjajafnréttis. Þá gagnrýna Alessio o.fl. (2012) birtingarmyndir kyngervis og þversagnir í markaðsefni íslenskrar ferðaþjónustu og Hildur Friðriksdóttir og Andrea Hjálmsdóttir (2014) fjalla um kynfærarakstur kvenna sem birtingarmynd klámvæðingar í samfélaginu. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Þorvaldsdóttir (2012) hafa jafnframt fjallað um kynjakvóta og mögulegar hindranir á leið kvenna til æðstu stjórnunar og Fjóla Þórdís Jónsdóttir og Ingi Rúnar Eðvarðsson (2013) um kynbundna áhrifaþætti á starfsval sál- og tæknifræðinga. Enn fremur leggja Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (2014) mat á áhrif hrunsins á fæðingarorlof og umönnun foreldra, Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson (2015) á stöðu kynjanna fyrir og eftir opnun Héðinsfjarðarganga með tilliti til samgangna, viðhorfa til vinnu- markaðar og verkaskiptingar á heimilum og Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir og Þorgerður

Einarsdóttir (2016) á reynslu kvenna og karla á sunnanverðum Vestfjörðum af atvinnu og atvinnustefna hins opinbera í dreifbýli. Í nýjasta hefti *Íslenska þjóðfélagsins* fjalla Unnur Dís Skaptadóttir og Erla S. Kristjánsdóttir (2017) loks um upplifun flóttakvenna í litlu bæjarfélagi á Íslandi og Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2017) um áhrif karlmennskuhugmynda í lögreglunni.

Árið 2004 fjallaði Sigrún Ólafsdóttir (2004) um þá undirgrein félagsfræðinnar sem beinir sjónum að hugmyndum samfélaga um heilbrigði og veikindi, skipulagi heilbrigðiskerfa og viðbrögðum einstaklinga við veikindum. Hún veitir yfirlit um helstu rannsóknarefni heilsufélagsfræðinnar, svo sem samfélagsleg áhrif á heilsufar, félagslega sköpun veikinda, notkun á heilbrigðisþjónustu og skipulagningu heilbrigðisstétta. Hún bendir á þá staðreynd að Íslendingar séu á meðal þeirra þjóða sem hvað best standa í alþjóðlegum samanburði á heilsufari, enda séu lífskjör hér með besta móti, velferðarkerfið tiltölulega öflugt og félagslegt jafnrétti talsvert í samanburði við aðrar þjóðir. Meðal helstu íslenskra viðfangsefna nefnir Sigrún rannsóknir á reynslu kvenna af meðgöngu, breytingum á einokunaraðstöðu lyfjafræðinga, áfengis- og vímuefnaneyslu unglunga og sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum mismunandi aldurshópa. Á undanförunum átta árum hafa fjórar greinar um heilbrigðismál birst í *Íslenska þjóðfélaginu*. Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg (2010) fjalla þannig um fordóma og geðræn vandamál og tvær greinar hafa birst um heilsu og líðan í kjölfar kreppu (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ásta Snorradóttir, Hjördís Sigursteinsdóttir, 2014; Stefán Hrafn Jónsson, 2014). Loks fjalla Sonja Stelly Gústafsdóttir o.fl. (2015) um skipulagsbreytingar og viðhorf til heilbrigðisþjónustu í kjölfar bættra samgangna á norðanverðum Tröllaskaga.

Af öðrum rannsóknasviðum hafa tvö svið verið fyrirferðarmest á síðum *Íslenska þjóðfélagsins* síðastliðin átta ár, meðal annars vegna útgáfu sérhefta sem þeim tengjast. Alls tengjast fjórtán greinar félagsfræði efnahagslífsins, þar af sex greinar sem birtust árið 2014 í sérhefti um efnahagshrunið haustið 2008. Þetta svið skarast vitaskuld við atvinnulífsfélagsfræði og önnur rannsóknasvið félagsfræðinnar. Margar þessara rannsókna tengjast efnahagshruninu og eftirmálum þess, svo sem endurreisn efnahagslífsins (Stefán Ólafsson, 2014) og áhrifum hrunsins á kyngervi og þegnrétt (Þorgerður Einarsdóttir, 2010), félagslega húsnæðiskerfið (Jón R. Sveinsson, 2010), búferlaflutninga (Vífill Karlsson, 2013), vinnufyrirkomulag og líðan (Guðbjörg L. Rafnsdóttir, Ásta Snorradóttir, Hjördís Sigursteinsdóttir, 2014), fæðingarorlof (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2014), skort og heilsu (Stefán H. Jónsson, 2014) og traust til löggæslu (Ingólfur V. Gíslason, 2014; Tómas Bjarnason 2014). Jafnframt fjalla höfundar um efni á borð við stéttir á Íslandi (Guðmundur Æ. Oddsson, 2010, 2011; Hermann Óskarsson, 2011), deiliahagkerfið (Örn D. Jónsson og Edward H. Huijbens, 2014) og atvinnustefnu hins opinbera (Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir, 2016).

Jafnframt tengjast þrettán greinar í *Íslenska þjóðfélaginu* byggðafræði með einum eða öðrum hætti, þar af fimm greinar sem birtust árið 2015 í sérhefti um samfélagsáhrif Héðinsfjarðarganganna á Mið-Norðurlandi. Eðli málsins samkvæmt skarast byggðafræðin við mörg önnur rannsóknasvið félagsfræðinnar þar sem slíkar rannsóknir beinast iðulega að samspili almennra félagsfræðilegra afla við efnahagslega, pólitíska og menningarlega sérstöðu landsbyggðanna. Þannig hafa verið skoðuð áhrif samgöngubóta á mannfjöldapróun (Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson, 2014), umferðarmynstur (Jón Þ. Heiðarsson, 2015), heilbrigðisþjónustu (Sonja S. Gústafsdóttir o.fl., 2015), stöðu kynjanna (Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson, 2015) og tengsl brottfluttra við heimahagana (Edward H. Huijbens, 2015). Jafnframt hafa höfundar rannsakað ólíka staðbundna þætti á borð við mótun verkalýðsstéttar í umbreytingu Akureyrar frá sjálfspurftasamfélagi til markaðsþjóðfélags (Hermann Óskarsson, 2011), orsakir búferlaflutninga á Vesturlandi fyrir og eftir bankahrun (Vífill Karls-

son, 2013), umhverfisstjórnun, náttúrutengsl og ferðamennsku í Austur-Skaftafellssýslu (Hugrún Harpa Reynisdóttir og Gunnar Þ. Jóhannesson, 2016), atvinnustefnu hins opinbera á sunnanverðum Vestfjörðum (Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2016), misvægi atkvæða eftir landshlutum (Birgir Guðmundsson og Grétar Þ. Eyþórsson, 2013), líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi (Valdimar Briem og Tinna Halldórsdóttir (2011) og upplifun flóttakvenna í litlu bæjarfélagi á Íslandi (Unnur D. Skaptadóttir og Erla S. Kristjánsdóttir, 2017).

Undanfarna áratugi hafa íslenskir félagsfræðingar staðið að allmörgum stórum rannsóknaverkefnum á sviði æskulýðsrannsókna og mætti eflaust færa fyrir því rök að af öllum sviðum félagsfræðinnar sé mestu fjármagni og mannafla varið til slíkra rannsókna hér á landi. Í samantekt menntamálaráðuneytisins á íslenskum unglingarannsóknum 1991–2002 er þannig að finna upplýsingar um tæplega þrjú hundruð bækur, skýrslur, bókarkafla, tímaritsgreinar og lokaritgerðir í háskólanámi (Elín Þorgeirsdóttir, 2003). Slíkt yfirlit hefur ekki verið endurgert en ljóst má vera að mikill fjöldi rannsóknarniðurstaðna hefur birst á innlendum og erlendum vettvangi á þeim fjórtán árum sem síðan eru liðin. Engu að síður er grein Valdimars Briem og Tinnu Halldórsdóttur (2011) um líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi eina greinin á þessu sviði sem birst hefur í *Íslenska þjóðfélaginu*. Þetta kann að hluta til að skýrast af því að önnur íslensk fræðitímarit hafa birt greinar á þessu sviði. Má þar til dæmis nefna *Glæður*, *Læknablaðið*, *Netlu*, *Sálfræðiritið*, *Stjórnsmál og stjórnarsýslu*, *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, *Tímarit um menntarannsóknir og Uppeldi og menntun*. Jafnframt virðast ýmsir rannsakendur á þessu sviði hafa lagt mun meiri áherslu á birtingu rannsókna á alþjóðlegum vettvangi en í íslenskum fræðitímaritum.

Full ástæða væri til þess að greina ýmis önnur íslensk rannsóknasvið út frá félagsfræðilega sjónarhorni. Á undanförunum árum hafa þannig fjölmargar íslenskar rannsóknir sem tengjast til dæmis félagsfræði menntunar, stjórnsmála, íþróttar og fólks af erlendum uppruna birst í innlendum og alþjóðlegum fræðitímaritum. Í *Íslenska þjóðfélaginu* hefur þó aðeins birst ein grein um menntamál (Kristín Dýrfjörð, 2011), ein um stjórnsmál (Grétar Þór Eyþórsson og Eva Heiða Önnudóttir, 2017), ein um íþróttir (Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011), en þrjár um stöðu fólks af erlendum uppruna (Guðrún Pétursdóttir, 2013; Unnur D. Skaptadóttir og Erla S. Kristjánsdóttir, 2017; Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016). Af öðrum sviðum sem ekki hafa sést á síðum *Íslenska þjóðfélagsins* mætti til dæmis nefna menningarfélagsfræði, borgarfræði og trúarbragðafélagsfræði. Yfirlitsgreinar um slík sérsvið gætu í senn eftl félagsfræðilegar rannsóknir innan þeirra og stuðlað að heildstæðari yfirsýn um íslenska félagsfræði.

Lokaorð

Árið 2004 töldu Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (2004b) íslenska félagsfræði vera nokkuð brotarkennda og bera sterkt svipmót af því að íslenskir félagsfræðingar væru fáir og menntaðir innan margvíslegra sérsviða í ólíkum löndum og hefðu tileinkað sér mismunandi kenningalegar og aðferðafræðilegar hefðir í félagsfræði. Helstu sérkenni íslenskra félagsfræðirannsókna væri söfnun áreiðanlegra upplýsinga um einkenni og þróun félagslegra þátta og hagnýtingu þeirra í stefnumótun en minna bæri á kenningalegum úrlausnarefnum eða gagnrýnni samfélagsrýni.

Mikilvægt væri að greina íslenska félagsfræði með ítarlegum og gagnrýnum hætti og leggja mat á helstu styrkleika hennar og veikleika. Þær yfirlitsgreinar sem hér birtast benda til þess að íslenskir félagsfræðingar hafi í vaxandi mæli fundið rannsóknum sínum farveg innan öflugra þverfaglegra rannsóknasviða íslenskra fræðimanna og í minna mæli í alþjóðlegum

samstarfsverkefnum. Framlag þeirra til íslenskrar félagsfræði sem slíkrar er því oft í bakgrunni rannsóknanna. Á sama tíma nálgast félagsfræðingar viðfangsefni sín oft með breiðum hætti og tiltekin rannsókn getur haft mikilvæga skírskotun til ólíkra sérsviða. Þannig hefur til dæmis grein Andreu Hjálmsdóttur og Atla Hafþórssonar (2015) um stöðu kynjanna fyrir og eftir opnun Héðinsfjarðarganga augljósa skírskotun til kynjafræði, byggðafræði og vinnu- markaðsfræði og grein Jóns Rúnars Sveinssonar (2010) um kreppu, hugmyndafræði og félagslegt húsnæði getur talist mikilvægt framlag til rannsókna á íslenskum stjórnámálum, efnahagslífi og velferðarkerfi.

Tímaritinu *Íslenska þjóðfélagið* var ætlað að efla orðræðu íslenskrar félagsfræði með því að draga saman og birta rannsóknir félagsfræðinga og annarra sem stunda rannsóknir á íslensku þjóðfélagi. Það virðist að ýmsu leyti hafa tekist vel. Undanfarin átta ár hefur tímaritið birt margvíslegar áhugaverðar rannsóknir sem snerta flest svið félagsfræðinnar. Félagsfræðingar eru ríflega helmingur höfundu en samferðarfólk þeirra úr flestum öðrum greinum félags- og mannvísinda er tæpur helmingur höfundu. Áhrif tímaritsins hafa ekki verið metin með formlegum hætti en í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að því er fyrst og fremst ætlað að efla innlent fræðastarf. Íslenskir félagsfræðingar hafa verið öflugir á alþjóðlegum vettvangi (Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, [2002] 2004) og lítil hætta virðist á því að birtingar á innlendum vettvangi dragi úr því framlagi. Á hinn bóginn er *Íslenska þjóðfélaginu* ætlað að efla íslenskt fræðasamfélag og áhrif þess verða fremur metin í námsritgerðum, íslenskum fræðitímaritum og fræðibókum fremur en tilvitnunum í erlendum gagnagrunnum. Úttekt á slíkum áhrifum gæti verið mikilvægt framlag til eflingar íslenskrar félagsfræði og gæti skipt máli fyrir opinbert mat á íslenskum fræðitímaritum.

Stefnt er að því að síðari hluti yfirlits um sérsvið íslenskrar félagsfræði birtist sem sérhefti *Íslenska þjóðfélagsins* á næsta ári. Þar mun jafnframt birtast greining á þróun og stöðu íslenskrar félagsfræði á grundvelli þeirra 10–12 yfirlitsgreina um einstök svið hennar og annarra gagna um þessa víðfeðmu og margslungnu fræðagrein í íslensku samfélagi.

Heimildir

- Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson. (2015). Staða kynjanna fyrir og eftir opnun Héðinsfjarðarganga: Samgöngur, viðhorf til vinnumarkaðar og verkaskipting á heimilum. *Íslenska þjóðfélagið*, 6, 53–75.
- Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eypórsson. (2013). Vægi atkvæða og pólitískt jafnrétti. *Íslenska þjóðfélagið*, 4, 39–63.
- Dominic, Alessio, Edward H. Huijbens, Anna Lís Jóhannsdóttir og Lusine Margaryan. (2012). Birtingarmyndir kyngervis og þversagnir í markaðsefni íslenskrar ferðaþjónustu. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 19–39.
- Edward H. Huijbens. (2015). Þau sem fóru: Brottlutt heimafólk og tengsl þess við Fjallabyggð. *Íslenska þjóðfélagið*, 6, 77–96.
- Elín Þorgeirsdóttir. (2003). *Íslenskar unglingarannsóknir 1991–2002*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Fjóla Þórdís Jónsdóttir og Ingi Rúnar Eðvarðsson. (2013). Kynbundnir áhrifaþættir á starfsval sál- og tæknifræðinga. *Íslenska þjóðfélagið*, 4, 65–82.
- Grétar Þór Eypórsson og Eva Heiða Önnudóttir. (2017). Abstainers' reasoning for not voting: The Icelandic Local Government Election 2014. *Íslenska þjóðfélagið*, 8, 23–42.

- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2004). Íslenskar fjölmiðlarannsóknir á fertugsaldri. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2017). Íslenskar fjölmiðlarannsóknir: Fræði á flæðiskeri? *Íslenska þjóðfélagið*, 8(2), 99-119.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2004). Íslenskur sjávarútvegur við aldhvörf: Félagsfræðilegur sjónarhóll. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2017). Íslenskur sjávarútvegur: Félagsfræðilegur sjónarhóll. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(2), 55-70.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ásta Snorradóttir og Hjördís Sigursteinsdóttir. (2014). Vinnufyrirkomulag og líðan í kjölfar kreppu Yfirlitsgrein. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 39–55.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Þorvaldsdóttir. (2012). Kynjakvótar og mögulegar hindranir á leið kvenna til æðstu stjórnunar. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 57–76.
- Guðmundur Ævar Oddsson. (2010). Stéttavitund Íslendinga í kjölfar efnahagshruns. *Íslenska þjóðfélagið*, 1, 5–26.
- Guðmundur Ævar Oddsson. (2011). Hugmyndir um stéttleysi Íslendinga. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 27–46.
- Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Hetjur nútímans: Orðræða prentmiðla um afreksíþróttafólk. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 91–117.
- Guðný Björk Eydal. (2004). Velferðarríkið og hin íslenska leið: Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsókna. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2014). Hrunið og fæðingaorlof: Áhrif á foreldra og löggjöf. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 77–93.
- Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnadóttir. (2017). Velferðarríkið og hin íslenska leið. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(2), 71-97.
- Guðrún Pétursdóttir. (2013). Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismunun í garð innflytjenda á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 4, 27–38.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 5–18.
- Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason. ([1994] 2004). Fræðigreinin skýtur rótum: Áhrif þjóðfélagsafla á þróun íslenskrar félagsfræði. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hermann Óskarsson. (2011). Frá sjálfspurftrasamfélagi til markaðsþjóðfélags: Mótun verkalýðsstéttar á Akureyri 1860–1940. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 69–90.
- Hildur Friðriksdóttir og Andrea Hjalmsdóttir. (2014). „Og svo einhvern veginn bara breyttist bikiníröndin, hún þrengdist alltaf og þrengdist ...“: Um kynfærarakstur kvenna. *Íslenska þjóðfélagið*, 5, 5–24.
- Hugrún Harpa Reynisdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson. (2016). „Það má eitt fjall vera ósnortið fyrir þessum andskotans túristum“: Umhverfisstjórnun, náttúrutengsl og ferðamennska. *Íslenska þjóðfélagið*, 7, 45–60.

- Inga Dóra Sigfúsdóttir. ([1997] 2004). Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum: Áfangi að stofnun nýrrar deildar. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. (2004). Uppruni og þróun íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. (2017). Íslensk atvinnulífsfélagsfræði 2004–2015. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(2), 35–54.
- Ingólfur V. Gíslason. (2014). Lögreglan og búsáholdabyltingin. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 5–18.
- Íslenska þjóðfélagið. (2017). Um tímaritið. Sótt 13. desember 2017 af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/about/editorialPolicies#focusAndScope>
- Jason Már Bergsteinsson, Ingi Rúnar Eðvarðsson og Guðmundur Kristján Óskarsson. (2017). Ofmenntun á íslenskum vinnumarkaði: Staða meðal háskólamenntaðs fólks. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(1), 5–22.
- Jóhann Hauksson. ([2000] 2004). Hugur ræður hálfri sjón: Guðmundur Finnbogason, íslenskur frumkvöðull félagsfræðinnar. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhannes Nordal. (2004). Formáli. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Gunnar Bernburg. (2004). Afbrot og önnur frávik: Yfirlit um fræðin og íslenskar rannsóknir. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Rúnar Sveinsson. (2010). Kreppa, hugmyndafræði og félagslegt húsnæði. *Íslenska þjóðfélagið*, 1, 49–68.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson. (2015). Samskipti fólks um Héðinsfjarðargöng: Umferð og samanburður við umferðarspá. *Íslenska þjóðfélagið*, 6, 97–113.
- Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson. (2012). Hverjir óttast mest afbrot á Íslandi? *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 77–90.
- Kolbrún Ósk Hrafnadóttir. (2004). Störf útskrifaðra BA félagsfræðinga 1974–2000. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristín Dýrfjörð. (2011). Áhrif nýfrjálshyggju á íslenskt leikskólastarf. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 47–68.
- Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (2017.) Íslensk afbrotufræði: Yfirlit íslenskra rannsókna á afbrotum og öðrum frávikum. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(2), 121–135.
- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2017). „Menn eiga að vera svolítið svona harðir“: Áhrif karlmennskuhugmynda í lögreglunni á rými til tilfinningaúrvinnslu og einelti. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(1), 43–66.
- Sigrún Ólafsdóttir. (2004). Félagsfræði heilsu og veikinda. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (2010). Fordómar og geðræn vandamál: Samanburður á þremur löndum. *Íslenska þjóðfélagið*, 1, 69–94.

- Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2016). Atvinna og atvinnustefna hins opinbera í dreifbýli: Reynsla kvenna og karla á sunnanverðum Vestfjörðum. *Íslenska þjóðfélagið*, 7, 23–44.
- Sonja Stelly Gústafsdóttir, Kristjana Fenger, Sigríður Halldórsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2015). Heilbrigðisþjónusta Fjallabyggðar: Viðhorf íbúa í kjölfar mikilla samfélagsbreytinga. *Íslenska þjóðfélagið*, 6, 37–51.
- Stefán Hrafn Jónsson. (2004). Lýðfræði Íslands. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Hrafn Jónsson. (2014). Skortur og heilsa Íslendinga fyrir og eftir bankahrun. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 57–76.
- Stefán Hrafn Jónsson. (2017). Af akri lýðfræði Íslands. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(2), 15–33.
- Stefán Ólafsson. (2014). Hrunið og árangur endurreisnarinnar. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 95–116.
- Tómas Bjarnason. (2014). Traust í kreppu: Traust til Alþingis, lögreglu, stjórnmalamanna og forseta Íslands í kjölfar hrunsins. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 19–38.
- Unnur Dís Skaptadóttir, Erla S. Kristjánsdóttir. (2017). „Stundum finnst mér þeir horfa á mig eins og ég sé geimvera“: Upplifun flóttakvenna í litlu bæjarfélagi á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 8(1), 67–80.
- Valdimar Briem og Tinna Halldórsdóttir. (2011). Líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 5–26.
- Vífill Karlsson. (2013). Orsakir búferlaflutninga fyrir og eftir bankahrun. *Íslenska þjóðfélagið*, 4, 5–26.
- Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir. (2016). „Veggurinn er alltaf til staðar“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum. *Íslenska þjóðfélagið*, 7, 5–22.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2004). ‘Hið vísindalega er pólitískt’: Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2010). Kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnréttar. *Íslenska þjóðfélagið*, 1, 27–48.
- Þóroddur Bjarnason. (2015). Samgöngur og byggðaþróun: Samfélagsleg áhrif Héðinsfjarðarganga. *Íslenska þjóðfélagið*, 6, 5–36.
- Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.). 2004a. *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. (2004b). Íslensk félagsfræði við upphaf 21. aldar. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir. ([2002] 2004). Norræn áhrif í birtingum og tilvitnunum til tímaritsgreina í sextán norrænum félagsfræðideildum. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson. (2014). Skammtímaáhrif Héðinsfjarðarganga á mannfjöldaþróun í Fjallabyggð. *Íslenska þjóðfélagið*, 5, 25–48.
- Þórólfur Þórlindsson. ([1982] 2004). Íslensk félagsfræði: Þjóðfélagsaðstæður við tilurð nýrrar fræðigreinar. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Þórólfur Þórlindsson. (2012). Siðfræði og fagmennska í heimi fáránleikans: Um siðrof og útlaga í kvikmynd Sams Peckinpahs *The Wild Bunch*. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 41–56.
- Örn D. Jónsson og Edward H. Huijbens. (2014). Heima að heiman: Deilihagkerfið og gestakomur til Íslands. *Íslenska þjóðfélagið*, 5, 49–65.

Um höfund

Þóroddur Bjarnason er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri. Hann lauk bakkalárprófi frá Háskóla Íslands árið 1991, meistaraprófi frá University of Essex í Englandi árið 1995 og doktorsprófi frá University of Notre Dame í Bandaríkjunum árið 2000. Þóroddur hefur meðal annars rannsakað viðhorf unglinga til framtíðarbúsetu, mannfjöldapróun og áhrif samgöngubóta á byggðapróun.

Helgi Gunnlaugsson (helgigun@hi.is) er prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hann lauk B.A.-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1982, meistaraprófi í félagsfræði frá Missouriháskóla árið 1985 og doktorsprófi í félagsfræði með áherslu á afbrotafræði frá sama skóla árið 1992. Rannsóknir hans eru einkum á sviði viðhorfa til afbrota og refsinga og áfengis- og vímuefnamála.